

## REGLUGERÐ

### um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

*Markmið.*

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að feng-  
inni tillögu sóttvarnalæknis og í samræði við ríkisstjórnina, að setja á tímabundna takmörkun á  
samkomum eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

2. gr.

*Gildissvið.*

Takmörkun á samkomum tekur gildi 8. febrúar 2021 og gildir til og með 3. mars 2021.

Stjórnvöld endurmets þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að  
afléttu henni fyrr eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Reglugerðin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til loftfara, skipa í millilandaferðum og  
skipa sem stunda fiskveiðar.

Reglugerðin tekur ekki til heilbrigðisstofnana, hjúkrunarheimila og annarra sambærilegra stofn-  
ana, en þær skulu setja sér reglur um sóttvarnir, sbr. 6. gr.

Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímu-  
skyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar.

Reglugerð þessi tekur ekki til skólastarfs sem fjallað er um í sérstakri reglugerð um takmörkun  
skólastarfs.

3. gr.

*Fjöldatakmörkun.*

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglu-  
gerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 20 einstaklingar koma saman, hvort sem  
er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Er þá meðal annars vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útfunda o.b.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem tónleika, menningarviðburða, leiksýninga, bíósýninga, íþróttaviðburða  
og einkasamkvæma, sbr. þó 5. gr.
- d. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 20 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en  
20 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er verslunum heimilt að taka við fimm viðskiptavinum á hverja 10 m<sup>2</sup>, þó  
að hámarki 150 viðskiptavinum í rými að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 4. gr. Þá er heimilt  
að hafa allt að 20 starfsmenn í sama rými og viðskiptavinir í verslunum að því gefnu að uppfyllt séu  
skilyrði 1. mgr. 4. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er söfnum, svo sem bóka- og skjalasöfnum, listasöfnum, minjasöfnum,  
náttúrugripasöfnum og tæknisöfnum, heimilt að taka við fimm gestum á hverja 10 m<sup>2</sup>, þó að hámarki  
150 gestum í rými að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 4. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er allt að 150 einstaklingum heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og  
lífsskoðunarfélaga, þar á meðal við útfarir og fermingar, þar sem virða skal 2 metra  
nálægðartakmörkun og grímuskyldu. Um fjölda fólks við erfidrykkju fer eftir 1. mgr.

Fjöldatamarkanir 1. og 2. mgr. gilda ekki um almenningssamgöngur, hópbifreiðar, innanlands-  
flug, farþegaferjur og störf viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkviliðs, hjálparliðs almannavarna og  
heilbrigðisstarfsfólks. Enn fremur gildir ákvæðið ekki um störf ríkisstjórnar, ríkisráðs, þjóðar-  
öryggisráðs, Alþingis og þegar dómstólar fara með dómsvald sitt.

Fjöldatakmörkun samkvæmt ákvæði þessu á ekki við um heimilisfólk á heimili sínu.

## 4. gr.

*Almenn nálægðartakmörkun og grímunotkun.*

Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.

Andlitsgrímur skal nota í almenningssamgöngum, í verslunum og annarri þjónustu. Einnig skal nota andlitsgrímur þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun sem kveðið er á um í 1. mgr., svo sem í heilbrigðisþjónustu, innanlandsflugi og -ferjum, almenningssamgöngum, leigu-bifreiðum og hópbifreiðum, í verklegu ökunámi og flugnámi, auk þess í menningarstarfsemi, starfsemi hárgreiðslustofa, snyrtistofa, nuddstofa, húðflúrstofa, hundasnyrtistofa, sólbaðsstofa og annarri sambærilegri starfsemi. Andlitsgríma skal hylja nef og munn. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu. Í þjónustu sem krefst snertingar skal gætt að handþvotti og sótthreinsun handa, auk þess skal sótthreinsa snertifleti milli viðskiptavina.

Undanþegnir grímuskyldu skv. 2. mgr. eru þeir einstaklingar sem fengið hafa COVID-19 og lokið einangrun. Jafnframt eru þeir undanþegnir grímuskyldu skv. 2. mgr. sem hafa ekki skilning eða þroska til að nota andlitsgrímu rétt eða geta það ekki af öðrum ástæðum, svo sem vegna heilsufars.

Á þeim stöðum þar sem er grímuskylda skulu einstaklingar skv. 3. mgr. sýna vottorð um undanþágu frá grímuskyldu, auk skilríkja sé þess krafist.

## 5. gr.

*Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.*

Veitingastaðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, svo sem veitingahús, kaffihús, krár og skemmtistaðir, spilasalir og spilakassar skulu ekki hafa opíð lengur en til kl. 22.00 alla daga vikunnar. Gestir mega vera að hámarki 20 í rými og aðeins afgreitt í sæti. Þessum stöðum er ekki heimilt að hleypa inn nýjum viðskiptavinum eftir kl. 21.00. Þó er heimilt að selja mat út úr húsi til kl. 23.00.

Í þeim tilvikum þar sem fleiri tegundir veitingastaða eru skráðar í rekstrarleyfi er heimilt að starfa áfram í samræmi við aðrar tegundir en kveðið er á um í 1. mgr. með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

EKKI er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hóp fólks eftir kl. 21.00.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun má gestafjöldi á heilsu- og líkamsræktarstöðvum og sund- og baðstöðum aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda. Í hverju rými í heilsu- og líkamsræktarstöðvum skulu ekki vera fleiri en að hámarki 20 manns. Skulu viðskiptavinir skráðir fyrirfram og skal sótthreinsa tæki og áhöld milli notenda. Í hverju rými stöðvanna gildir ákvæði 1. mgr. 4. gr. um 2 metra nálægðartakmörkun. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um heilsu- og líkamsræktarstöðvar og sund- og baðstaði vegna COVID-19. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

Íþróttæfingar og -keppnir barna og fullorðinna, innan- og utandyra, með og án snertingar, eru heimilar. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 2. gr. og 3. gr. er hámarksfjöldi á æfingum og keppnum 50 manns. Búningsaðstaða skal þrifin reglulega og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld skulu sótthreinsuð a.m.k. tvísvar á dag, loftræsting skal vera í lagi og loftað reglulega út yfir daginn. Sama gildir um sitjandi borðleiki, svo sem skák, bridds og bingó.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur, svo sem um einstaklingsbundnar sóttvarnar og sótthreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalæknir. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Óheimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum. Þó er heimilt að hafa fjölmáðafólk á slíkum viðburðum að uppfylltum ákvæðum 1. mgr. 3. og 4. gr.

Leið 4 í reglum skíðasvæða í COVID-19 faraldri sem gerðar voru af Samtökum skíðasvæða á Íslandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sóttvarnalækni gildir um skíðasvæði.

Sviðslistir, kórastarf, bíosýningar sem og aðrir menningarviðburðir eru heimilir með allt að 50 manns á svíði, þ.e. æfingar og sýningar. Andlitsgrímur skulu notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast skal við að viðhafa 2 metra nálægðartakmörkun. Gætt skal að handhreinsun, sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og tryggja skal að loftræsting sé í lagi. Heimilt er að taka á móti allt að 150 sitjandi gestum í hverju rými að því gefnu að allir gestir sitji í númeruðum sætum sem skráð eru á nafn. Skulu gestir sem fæddir eru 2004 og fyrr bera andlitsgrímu nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru. Hvorki er heimilt að bjóða upp á hlé né áfengissölu á sýningum. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með framangreindum fjölda gesta.

#### 6. gr.

##### *Hjúkrunarheimili og aðrar heilbrigðisstofnanir.*

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir eru almennt undanþegnar ákvæðum reglugerðarinnar en skulu setja sér reglur um starfsemi sína, svo sem um heimsóknir utanaðkomandi að heimilunum og stofnununum, nálægðartakmarkanir, hámarksfjölda í rými og hlífðarbúnað.

#### 7. gr.

##### *Prif og sótthreinsun almenningsrýma.*

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyra þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrífa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnelega, með merkingum eða skiltum.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, meðal annars við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

#### 8. gr.

##### *Undanþágur.*

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum til verndar lífi eða heilsu manna eða dýra eða vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á svíði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, félagsþjónustu, löggæslu, sjúkraflutninga, hjálpalliðs almannavarna eða slökkviliða.

Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. Enn fremur getur ráðherra veitt undanþágu vegna starfa Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu.

Pá getur ráðherra veitt undanþágu frá takmörkunum á íþróttastarfi þegar sérstaklega stendur á, enda sé gætt fyllstu sóttvarnaráðstafana að öðru leyti.

Við veitingu undanþága skal leitast við að grípa til annarra aðgerða þannig að gætt sé að smitvörnum eins og kostur er.

Ráðherra getur óskað eftir umsögnum frá sóttvarnalækni um beiðnir um undanþágu.

#### 9. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 5/2021, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 5. febrúar 2021.*

*Asta Valdimarsdóttir*  
F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

*Asthildur Knútsdóttir*  
Asthildur Knútsdóttir.